MÓTTEKIÐ
-7. APR. 2017
Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjar

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 4. apríl 2017
Tilv.: ANR15060354/9.1.4

Með bréfi þessu fylgir afrit af ákvörðun ráðuneytisins í máli vegna beiðni Stillu útgerðar ehf. og Brims hf. um skipun rannsóknarmanna á grundvelli 1. mgr. 97. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 til að rannsaka tiltekna þætti í starfsemi Vinnslustöðvarinnar hf. og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna við Ufsaberg- útgerð ehf. sem borin var upp á aðalfundi félagsins þann 2. júní 2015.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra

Kristján Skarphéðinsson

Sigrún Brynja Einarsdóttir

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Landslög slf.
Grímur Sigurðsson, hrl.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2017
Tilv.: ANR15060354/9.1.4

Með erindi yðar fyrir hönd Stillu útgerðar ehf., dags. 29. júní 2015, fór félagið fram á það við iðnaðar- og viðskiptaráðherra að tilnefndir yrðu rannsóknarmenn til að rannsaka tiltekna þætti í starfsemi hlutafélagsins Vinnslustöðin hf. og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf.

I. Málsatvik og málsmeðferð

A.

Í framangreindu erindi kemur fram að Stilla útgerð ehf. hafi á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar hf. þann 2. júní 2015 borið upp tillögu þess efnis að tilnefndir yrðu rannsóknarmenn með vísan til 97. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og að tillagan hafi fengið fylgi hluthafa umfram það lágmark sem framangreint ákvæði laga um hlutafélög tilgreinir. Því sé þess óskað að ráðuneytið skipi rannsóknarmenn í samræmi við tillöguna.

Með erindinu fylgdi fundargerð aðalfundar Vinnslustöðvarinnar frá 2. júní. Tillagan sem borin var upp á aðalfundinum er svohljóðandi:

> *„Að skipaðir verði rannsóknarmenn með vísan til 97. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að rannsaka eftirfarandi atriði í starfsemi félagsins:*
>
> *Meðferð eigin fjár Vinnslustöðvarinnar hf. í tengslum við samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf. Nánar tiltekið afhending hlutafjár í eigu félagsins til eigenda Ufsabergs- útgerðar ehf. Að rannsakað verði sérstaklega verðmat á eignunum í viðskiptunum einnig og hvort hagsmunir félagsins hafi verið fyrir borð bornir. Einnig með hliðsjón af tengslum aðila í gegnum svonefnt hluthafasamkomulag milli stórra hluthafa og stjórnenda í félaginu hvort samruninn og afhending eigin bréfa félagsins hafi verið til þess fallið að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna.“*

Tillagan var tekin fyrir undir lið 13 á aðalfundinum, sbr. fundargerð. Fram kemur í fundargerðinni að fundarstjóri hafi sagt tillöguna þarfnast samþykkis 10% hluthafa til að hún telst samþykkt. Fram kemur að tillagan hafi verið borin upp og samþykkt af hluthöfum með 30,90% hlutafjár að baki.

Í framangreindu erindi yðar eru raktar fyrri beiðnir Stillu útgerðar ehf. um skipan rannsóknarmanna til að rannsaka tiltekna þætti í starfsemi Vinnslustöðvarinnar hf. og farið yfir grundvöll þeirrar kröfu sem nú er komin fram.

Tekin eru saman málsatvik samruna Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. Fram kemur að á árinu 2008 hafi meirihluti stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. ákveðið að kaupa 35% hluti í Ufsaberg-útgerð ehf. og hafi verið aflað samþykkis hluthafafundar á kaupunum. Fram kemur að hlutinn hafi verið keyptur á 593 milljónir króna en niðurstaða dómkvaddra matsmanna hafið verið að verðmæti hlutarins hafi verið 372 milljónir króna. Mismunurinn er 221 milljón króna. Einnig kemur fram að greiða hafi átt fyrir hlutinn með útgáfu nýs hlutafjár í Vinnslustöðinni hf. en tillagan hafi ekki hlotið fylgi 2/3 hlutafjár eins og áskilið er í lögum um hlutafélög. Fram kemur að hluthafar í félaginu og eigendur Ufsabergs-útgerðar ehf. hafi gert með sér hluthafasamning þar sem mælt var fyrir um að aðilar samningsins skyldu beita atkvæðum sínum á hluthafafundum Vinnslustöðvarinnar hf. með samræmdum hætti, en að eigendur Ufsabergs-útgerðar ehf. hafi á þeim tíma ekki verið hluthafar í Vinnslustöðinni hf. Eigin bréf Vinnslustöðvarinnar hf., 2,5% af útgefnu hlutafé, voru seld eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf. gegn greiðslu sem nam 28,88% af hlutum í því félagi. Með þessu hafi hluthafahópurinn náð að uppfylla skilyrði um fylgi 2/3 hluta atkvæða á hluthafafundum. Fram kemur að lögð hafi verið fram á hluthafafundi í Vinnslustöðinni hf. tillaga um útgáfu nýs hlutafjár í Vinnslustöðinni hf. og afhendingu þess til eigenda Ufsabergs-útgerðar ehf. í tengslum við sameiningu félaganna og að tillagan hafi verið samþykkt með 67,37% atkvæða. Ennfremur kemur fram að Stilla útgerð ehf. hafi höfðað dómsmál til ógildingar á þessari ákvörðun hluthafafundarins og hafi niðurstaða dómsins verið sú að sala á 2,5% hluta í Vinnslustöðinni hf. hafi verið gerð í þeim eina tilgangi að sniðganga jafnræði hluthafa og raska atkvæðavægi sem lögum um hlutafélög er ætlað að tryggja. Fram kemur að áfram hafi verið unnið að sameiningu félaganna en í lok árs 2013 hafi eigendur Ufsabergs-útgerðar ehf. svo selt Seil ehf. umrætt hlutafé í Vinnslustöðinni hf. Tillaga Seilar ehf. um að hafnar yrðu formlegar viðræður um sameiningu félaganna var samþykkt í byrjun árs 2014 og á hluthafafundi í Vinnslustöðinni hf. í október 2014 var samþykkt tillaga um aukningu á hlutafé félagsins og sameiningu við Ufsaberg-útgerð ehf. Á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar hf. 2015 hafi svo verið samþykkt tillaga Seilar ehf. um heimild til að auka hlutafé félagsins um allt að 10%, forgangsréttur hluthafa skyldi ekki gilda um hlutaféð og að heimilt yrði að nota það við sameiningar eða kaup á útgerðarfyrirtækjum.

Atvik málsins eru rakin ítarlega í bréfinu og vísað til gagna. Fjallað er ítarlega um meðferð eigin fjár Vinnslustöðvarinnar hf. í tengslum við samruna félaganna, hluthafasamkomulag milli meirihluta hluthafa í félaginu og eigenda Ufsabergs-útgerðar ehf., dóm Hæstaréttar frá 2012 sem ógilti ákvarðanir hluthafafundar og að samruninn skyldi rakinn til baka eins og hann hefði ekki farið fram. Fjallað er um lista yfir tengda aðila, ákvörðun hluthafafundar 8. október 2014 um sölu á 3,8% hlutafjár í Vinnslustöðinni hf. í skiptum fyrir 36,12% hlutum í Ufsaberg-útgerð ehf., sem og sölu á eigin bréfum í Vinnslustöðinni hf. til Eyjaís ehf. Að lokum er ítarlega fjallað um heimild ráðherra til að skipa rannsóknarmenn, rakin eru skilyrði 97. gr. laga um hlutafélög, mat ráðherra skv. ákvæðinu og álit umboðsmanns Alþingis.

Með erindinu barst nokkuð magn gagna, þ.á m. fundargerð aðalfundar 2. júní 2015, tillögur meirihluta stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. á hluthafafundi 8. október 2014, fundarboð og dagskrá hluthafafundar 8. október 2014, fundargerð hluthafafundar 8. október 2014, athugasemdir við fundargerð hluthafafundar dags. 21. nóvember 2014 og álit Stefáns Svavarssonar endurskoðanda á skiptahlutfalli við samruna dags. 24. júní 2015.

Í fundargerð hluthafafundar 8. október 2014 kemur fram undir lið 5 að tekin hafi verið fyrir og samþykkt tillaga stjórnar um að fundurinn samþykki samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og

Vinnslustöðvarinnar hf. þar sem Vinnslustöðin hf. verður yfirtökufélag. Undir lið 6 er tekin fyrir og samþykkt tillaga stjórnar um að fundurinn samþykki að hækka hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. um 611.067 evrur, að forkaupsréttur hluthafa gildi ekki um viðbótarhlutaféð og að fundurinn veiti stjórn heimild til að ráðstafa hinu nýja hlutafé ásamt eigin bréfum félagsins að nafnvirði 96.598 evrur til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. (samtals 707.665 evrur) í samræmi við samrunaáætlun félaganna.

B.
Með bréfum dags. 2. júlí 2015 var stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. og endurskoðendum félagsins, Deloitte ehf., sent afrit af erindi yðar frá 2. júní og með vísan til 97. gr. laga um hlutafélög var aðilum gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt á kröfu Stillu útgerðar ehf. eigi síðar en fimmtudaginn 30. júlí 2015.

Með tölvupóstum 10. og 28. júlí óskaði stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. og Deloitte ehf. eftir fresti til 15. og 17. ágúst að láta í ljós álit sitt á kröfu Stillu útgerðar ehf. Ráðuneytið féllst á að veita umbeðinn frest.

C.
Ráðuneytinu barst svar Deloitte ehf. með bréfi dags. 12. ágúst 2015. Í bréfinu kemur fram að IFS greining hafi gert sjálfstætt verðmat á Vinnslustöðinni hf. og Ufsaberg-útgerð ehf., dags. 27. maí 2014, byggt á rekstrarvirði. Fram kemur að Deloitte ehf. telji að mat IFS greiningar sýni að skiptahlutfallið hafi verið sanngjarnt og eðlilegt gagnvart hluthöfum Vinnslustöðvarinnar hf. og að ljóst sé að full greiðsla hafi fengist fyrir þá hluti í félaginu sem hluthafar Ufsabergs-útgerðar ehf. aðrir en Vinnslustöðin hf. fengu afhenta. Þannig hafi hagsmunir Vinnslustöðvarinnar hf. ekki verið fyrir borð bornir. Gerðar eru athugasemdir við greinargerð Stefáns Svavarssonar um verðmæti eiginfjár í Vinnslustöðinni hf. og Ufsabergi-útgerð ehf. en greinargerðin fylgdi rannsóknarbeiðninni.

Þá segir að endurskoðandi félagsins telji að sýnt hafi verið fram á að samruninn hafi ekki verið til þess fallinn að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna heldur hafi endurgjaldið fyrir hlutina í Ufsabergi-útgerð ehf. verið sanngjarnt og efnislega rökstutt. Álit Grant Thornton endurskoðunar ehf., tilnefnds endurskoðanda Vinnslustöðvarinnar hf., styðji þessa niðurstöðu. Fram kemur að Grant Thornton endurskoðun ehf. hafi lagt fram sjálfstæða endurskoðunarskýrslu til stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. 2013 og 2014, þ.e. þau tvö ár sem Grant Thornton endurskoðun ehf. var tilnefnt endurskoðandi við hlið Deloitte ehf. sem kosinn var endurskoðandi félagisns á aðalfundi. Fram kemur að fjallað sé um samruna Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. og útreikning skiptihlutfalla við samrunann í endurskoðunarskýrslu Grant Thornton endurskoðunar ehf. vegna ársins 2014. Bendir Deloitte ehf. á niðustöður Grant Thornton endurskoðunar ehf. á bls. 12 í skýrslunni þar sem segi: *„Ef stuðst er við greiningar IFS ráðgjafar, en sömu forsendum beitt á bæði félög teljum við að hlutur minnihluta hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. hefði átt að nema 4,0% í sameinuðu félagi en umsaminn hlutur nam 3,8%. Þrátt fyrir að mismunandi matsaðferðum hafi verið beitt við samrunanna þá rennir yfirferð okkar á skiptihlutföllum ekki stoðum undir það að ótilhlýðilegra hagsmuna hafi verið aflað við samrunann á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.“*

Að lokum kemur fram að það sé álit Deloitte ehf. að ekki sé tilefni til að skipa rannsóknarmenn skv. beiðninni.

D.
Álit meirihluta stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. barst með bréfi dags. 17. ágúst 2015 en fram kemur að svarið sé unnið í samráði við framkvæmdastjóra félagsins. Gerir meirihluti stjórnar félagsins kröfu um að beiðni Stillu útgerðar ehf. um skipan rannsóknarmanna verði hafnað.

Vísað er á bug þeim rökum sem fram koma í bréfi Stillu útgerðar ehf. Bent er á niðurstöðu Grant Thornton endurskoðunar ehf. Fram kemur það mat meirihluta stjórnarinnar að tillagan um skipan rannsóknarmanna og fyrri tillögur séu gerðar í þeim tilgangi að valda usla og óróa í starfsemi félagsins. Samruni Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. hafi verið fyrrnefnda félaginu mjög hagfelldur og hafi bæði Deloitte ehf., sem kjörinn er endurskoðandi félagsins, og Theodór S. Sigurbergsson endurskoðandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf. komist að þeirri niðurstöðu. Vísað er til endurskoðunarskýrslu Grant Thornton endurskoðunar ehf. Raktar eru ástæður ósættis í hluthafahópi Vinnslustöðvarinnar hf. Fram kemur að félagið hafi verið skráð í Kauphöll til ársins 2007 en þá hafi það verið afskráð í kjölfar deilna um yfirráð í félaginu. Telur meirihluti stjórnar að um sýndardeilur sé að ræða gerðar í þeim tilgangi að reyna að ná yfirráðum í félaginu og/eða ná því fram að Stilla útgerð ehf. verði keypt út á óraunhæfu yfirverði. Þá segir að það hafi verið stefna meirihluta stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. að taka ekki óþarfa áhættur í rekstrinum og hafi þar skipt verulegu máli breyttar áherslur í rekstri félagsins, m.a. með sameiningu við Ufsaberg-útgerð ehf. o.fl. fyrirtæki í Vestmanneyjum.

Fram kemur að það hafi verið stefna Vinnslustöðvarinnar hf. frá því um aldamótin að sameinast öðrum og minni útgerðarfyrirtækjum og eru í bréfinu nefnd dæmi. Sama aðferðarfræðin hafi verið lögð til grundvallar í öllum þeim viðskiptum, þ.e. að meta yfirtekið félag á upplausnarvirði en Vinnslustöðina hf. á markaðsvirði þegar félagið var skráð í Kauphöll og síðar með sjóðstreymisaðferð. Skýringin sé að ekki hafi staðið til að leysa Vinnslustöðina hf. upp. Hvað samrunann við Ufsaberg-útgerð ehf. varðar verði að hafa í huga að um viðskiptalegar ákvarðanir var að ræða en samruni félaganna hafi reynst hagkvæmur, sérstaklega fyrri samruninn sem var ógiltur með dómi Hæstarréttar í máli nr. 585/2012. Einnig kemur fram að hluthafasamkomulagið sem dagsett er 31. mars 2011 hafi tekið við af samningi sem upphaflega hafi verið gerður 15. apríl 2007 og hafi kaupin á 35% hlut í Ufsabergi-útgerð ehf. ekki verið aflvaki þess að samningurinn 2011 var gerður.

Fram kemur að eigin hlutir Vinnslustöðvarinnar hf., sem námu 2,5% af útgefnu hlutafé félagsins, hafi verið seldir eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf., gegn greiðslu sem nam 28,88% hlutum í Ufsabergi-útgerð ehf. í maí 2011 og geti það ekki talist hafa gerst í kjölfar kaupa á 35% hlut í Ufsabergi-útgerð ehf. á árinu 2008. Einnig kemur fram að samruni Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. hafi verið Vinnslustöðinni hf. mjög hagfelldur og að fráleitt sé að tala um tjón Vinnslustöðvarinnar hf. í því sambandi.

Farið er yfir efni hluthafasamkomulagsins. Fram kemur að Stilla útgerð ehf. hafi nú höfðað mál til ógildingar á samrunanum og að fráleitt sé að skipa rannsóknarmenn til að fara yfir atriði í máli sem rekið er fyrir dómstólum, ætti það að leiða til þess að krafan væri ekki tekin til greina.

Hvað kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á Eyjaís ehf. varðar þá kemur fram að rannsóknarbeiðnin lúti ekki að neinu leyti að þeim viðskiptum. Upplýst er að Eyjaís ehf. sé eini aðilinn í Vestmanneyjum sem framleiðir ís fyrir útgerðaraðila. Fram kemur að af hálfu seljanda hafi forsenda sölunnar verið að þeir fengju hluta kaupverðsins greitt með hlutabréfum í Vinnslustöðinni hf.

Fram kemur að í endurskoðunarskýrslu Grant Thornton endurskoðunar ehf. komi fram að ekki hafi verið lagður fram í stjórn félagsins listi yfir tengda aðila. Listarnir eru lagðir fram sem fylgiskjal með bréfinu en gert var ráð fyrir að listanir yrðu lagðir fram á næsta stjórnarfundi. Bent er á að í tengslum við framboð til stjórnar félagsins hafi tengsl stjórnarmanna ávallt legið fyrir.

Vísað er til sérfræðiskýrslu Þorvarðar Gunnarssonar endurskoðanda hjá Deloitte ehf. og endurskoðunarskýrslu Theodórs S. Sigurbergssonar endurskoðanda hjá Grant Thornton endurskoðun ehf. Einnig er fjallað um verðmætamat unnið af Stefáni Svavarssyni fyrir Stillu útgerð ehf. Fram kemur að fráleitt sé að nálgast mat á virði fyrirtækja eins og Vinnslustöðvarinnar hf. miðað við

upplausnarvirði. Þá er fjallað um samantekt Ólafs Elíassonar, endurskoðanda og starfsmanns Vinnslustöðvarinnar hf. þar sem reiknað er út upplausnarvirði eigin fjár HB Granda hf. og borið saman við markaðsvirði félagsins við skráningu þess í Kauphöll í apríl 2014.

Að lokum er farið yfir inntak kröfu um rannsókn lið fyrir lið og sjónarmið meirihluta stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf., sem og ákvæði 97. gr. laga um hlutafélög.

E.
Með bréfi dags. 24. ágúst 2015 var endurskoðunarfyrirtækinu Grant Thornton ehf. gefinn kostur á að koma að áliti sínu um kröfu Stillu útgerðar ehf. en með ákvörðun ársreikningaskrár skv. 96. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga var Theodór S. Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf., tilnefndur til að taka þátt í endurskoðunarstörfum Vinnslustöðvarinnar hf. með þeim endurskoðanda sem kjörinn var á aðalfundi til að sinna endurskoðun félagsins. Theodór gaf álit sitt á ársreikningi Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir reikningsárið 2014 með áritun á ársreikning samstæðunnar þann 22. maí 2015.

F.
Framangreind svör meirihluta stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. og Deloitte ehf. voru send Stillu útgerð ehf., með bréfi dags. 25. ágúst 2015, og félaginu gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

G.
Álit Grant Thornton endurskoðunar ehf. barst með bréfi dags. 8. september 2015. Í bréfinu kemur fram að ársreikningaskrá hafi í tvígang skipað Grant Thornton sem endurskoðendur til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með kjörnum endurskoðendum Vinnslustöðvarinnar hf. en starf þeirra takmarkist við að gefa álit á samstæðureikningi og ársreikningi móðurfélags Vinnslustöðvarinnar hf. vegna reikningsáranna 2013 og 2014. Að því er varðar samrunann kemur fram að skoðun Grant Thornton endurskoðunar ehf. hafi einungis náð til þeirra áhrifa sem hann hefur á ársreikning félagsins árið 2014 en farið hafi verið yfir bókhaldsfærslur vegna samrunans, meðhöndlun á yfirverði og útreikning á skiptihlutfalli sem lagt hafi verið til grundvallar við samrunann. Fram kemur að Grant Thornton endurskoðun ehf. hafi komið þeim ábendingum á framfæri við stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að óeðlilegt hafi verið að beita ekki sömu matsaðferðum við mat á eignum félaganna tveggja þegar skiptihlutföll samrunans voru ákvörðuð. Lagði Grant Thorton endurskoðun ehf. mat á hvert skiptihlutfall hefði geta orðið ef stuðst hefði verið við sambærilegar forsendur en skoðunin leiddi ekki í ljós að skiptihlutfallið væri hluthöfum Vinnslustöðvarinnar hf. óhagstætt að gefnum þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar. Fram kemur að það sé mat Grant Thornton endurskoðunar ehf. að ársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. sé í öllum meginatriðum án verulegrar skekkju þrátt fyrir ábendingar til stjórnar. Þá segir að skoðun Grant Thorton endurskoðunar ehf. við endurskoðun áranna 2013 og 2014 hafi ekki náð til viðskipta sem tengjast eignarhaldi í félögunum tveimur og áttu sér stað fyrir ársbyrjun 2013 og ekki hafi verið lagt mat á verð í þeim viðskiptum eða viðskiptalegan tilgang.

Að lokum kemur fram í álitinu að þrátt fyrir niðurstöðu Grant Thorton endurskoðunar ehf. við endurskoðun ársins 2014 á skiptihlutföllum samrunans þá séu fyrir hendi áleitnar spurningar um verð í viðskiptum í tengslum við samrunann sem hafi komið fram í mismunandi mati á félaginu af hendi fagaðila og álitsgerðum óháðra aðila. Gerir Grant Thorton endurskoðun ehf. ekki athugasemdir við tilnefningu rannsóknarmanna á þeim atriðum sem tilgreind eru í beiðni Stillu útgerðar ehf. og telur félagið slíka rannsókn geta verið gagnlega.

H.
Með bréfi dags. 18. september 2015 var Stillu útgerð ehf. gefið færi á að koma á framfæri athugasemdum um bréf Grant Thorton endurskoðunar ehf. frá 8. september.

I.

Athugasemdir Stillu útgerðar ehf. bárust með bréfi dags. 21. september 2015. Í bréfinu kemur fram að dómsmál til ógildingar á ákvörðun hluthafafundar lúti að tilteknum þætti viðskipta við eigendur Ufsabergs-útgerðar ehf. og geti ekki komið í stað rannsóknar á meðferð eigin fjár Vinnslustöðvarinnar hf. Slík rannsókn sé að mati Stillu útgerðar ehf. nauðsynleg og gagnleg að mati endurskoðanda félagsins. Fram kemur að um sé að ræða verðmat á eigin bréfum Vinnslustöðvarinnar hf. í viðskiptum við eigendur Ufsabergs-útgerðar ehf. sem staðið hafa yfir frá árinu 2008 til dagsins í dag. Dómsmálið lúti einungis að ógildingu á ákvörðunum hluthafafundar 8. október 2014 en tilgangur rannsóknar á grundvelli hlutafélagalaga sé að varpa ljósi á málsatvik og gefa skriflega skýrslu til hluthafafundar. Þá segir: *„Slíkar rannsóknir geta veitt skýrari línur um mögulega skaðabótaábyrgð, möguleg umboðssvik, brot á jafnræði hluthafa og öflun ótilhlýðilegra hagsmuna til handa tilteknum hluthöfum, allt í tengslum við efni beiðninnar um rannsókn á meðferð eigin fjár félagsins. Það er síðan hluthafa að taka ákvörðun um framhaldið. En eina úrræðið fyrir hluthafa til að fá nægjanlegar upplýsingar og hlutlausa greiningu á málinu er að rannsókn fari fram. Rekstur dómsmáls hvorki kemur í veg fyrir eða í staðinn fyrir slíka rannsókn enda nýtist það réttarúrræði ekki í sama eða sambærilegum tilgangi, þ.e. öflun uppýsinga og hlutlausrar greiningar á háttsemi sem hluthafi telur ólögmæta.“*

Hvað hluthafasamkomulag og forsendur verðmats á hlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. varðar kemur fram að í hluthafasamkomulaginu séu fyrirfram ákveðnar forsendur fyrir verðmati í viðskiptum aðila þess sín á milli með bréf félagsins á grundvelli forkaupsréttar. Um sé að ræða sömu forsendur og lagðar voru til grundvallar í verðmati IFS greiningar. Fram kemur að ein mikilvægasta forsendan sé áætlun stjórnenda til næstu 5 ára um rekstur félagsins en þær séu unnar af framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. Einnig kemur fram að framkvæmdastjórinn hafi keypt umtalsvert magn hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. á liðnum árum í gegnum Seil ehf. Þá segir: *„Þá hefur Seil ehf. keypt hlutabréfin sem voru afhent eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf. sem rannsóknarbeiðnin lýtur að. Gengið í viðskiptunum miðað við ISK var 11,21 sem er umtalsvert lægra en hægt hefði verið að fá fyrir bréfin í sölu til annarra aðila. Niðurstaðan er því sú að sami aðili leggur til forsendur verðmats við afhendingu eigna félagsins til aðila innan hluthafasamkomulagsins og kaupir svo sömu verðmæti síðar á sama gengi.“*

Um hluthafasamninginn og hagsmunaárekstra er vísað til þess að meirihluti stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. hafi hafnað því að hluthafasamningurinn hafi verið gerður í tengslum við áform um sameiningu Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. Fram kemur að tekin hafi verið ákvörðun um að gera sérstakan hluthafasamning sem tryggði þátttöku væntanlegra hluthafa áður en eigin bréf Vinnslustöðvarinnar hf. voru afhent eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf. Hafi það bundið atkvæðisrétt þeirra á hluthafafundum meirihlutavaldi innan hópsins. Raktar eru fyrirspurnir Stillu útgerðar ehf. á hluthafafundum félagsins og bókun stjórnarmanns á stjórnarfundi. Fram kemur að eðlilegt væri að upplýsa stjórn og hluthafa félagsins ef stjórnarmenn og æðstu stjórnendur stæðu saman að rekstri eignarhaldsfélags. Einnig sé eðlilegt að upplýsa ef sömu aðilar gera sín á milli hluthafasamning, sér í lagi þegar aðilum samningsins eru afhentar eignir félagsins.

Fram kemur varðandi umsögn Deloitte ehf. að auk þess að vera endurskoðandi Vinnslustöðvarinnar hf. þá sé félagið endurskoðandi Ufsabergs-útgerðar ehf. Deloitte ehf. hafi jafnframt gefið skýrslu sem sérfróður matsmaður um samrunaáætlunina og því sé um umsögn um eigin niðurstöðu og verk að ræða. Fram kemur að umsögn Deloitte ehf. geti ekki verið grundvöllur niðurstöðu ráðuneytisins og hljóti vægi umsagnarinnar að taka mið af þessari staðreynd. Í umfjöllun um verðmatsaðferðir segir m.a. að verðmat það sem IFS ráðgjöf gerði sé bundið verulegum fyrirvörum og forsendum sem Deloitte ehf. og Grant Thornton endurskoðun ehf. hafi ekki skoðað við mat sitt á skiptihlutföllum. Þá segir: *„Skýrt er tekið fram í inngangi greiningar IFS að:*

- *Verðmatið er unnið að beiðni framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar.*
- *Matið byggir alfarið á sjóðstreymisaðferð.*
- *Forsendur um afkomu eru byggðar á áætlunum stjórnenda, sem IFS hefur yfirfarið.*"

Bent er á hversu mikla þýðingu forsendur sem stjórnendur gefa verðmatsaðilum hafa og þá gríðarlegu hagsmuni sem í húfi eru þegar um stór félög eins og Vinnslustöðina hf. er að ræða. Ljóst sé að greining IFS ráðgjafar ráði niðurstöðu verðmatsins en greiningin sé nefnd í bréfum Deloitte ehf. og Grant Thornton endurskoðunar ehf. Ennfremur segir: „*Það ætti að vera augljós hagsmunaárekstur þegar sami aðili og afhendir eigin bréf Vinnslustöðvarinnar hf. á forsendum verðmatsins kaupir sjálfur síðar sömu bréf í gegnum hlutafélag sem er í hans eigu og fyrrum stjórnarmanna.*"

Hvað umsögn Grant Thornton endurskoðunar ehf. varðar er sérstaklega vakin athygli á því að í álitinu komi fram að óeðlilegt hafi verið að beita ekki sömu matsaðferðum við mat á Vinnslustöðinni hf. og Ufsaberg-útgerð ehf. og að niðurstaða endurskoðandans varðandi skiptihlutföll sé háð þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar. Fram kemur að forsendurnar séu gagnrýndar harðlega í bréfinu en þær séu komnar frá framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf., aðila að hluthafasamkomulaginu og eiganda að Seil ehf.

Með bréfinu fylgdi bréf Stefáns Svavarssonar dags. 17. september 2015 og samningur um kaup á hlutafé í Vinnslustöðinni hf. milli Ufsabergs ehf. og Seil ehf. frá desember 2013.

J.
Með bréfi yðar til ráðuneytisins dags. 26. nóvember 2015 var upplýst að þann 25. nóvember hafi verið kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands dómur í máli umbjóðanda yðar gegn Vinnslustöðinni hf., mál nr. E-26/2015. Með dómnum voru ógiltar ákvarðanir hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. þann 8. október 2014 um samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf. og hækkun hlutafjár í félaginu um 611.067 evrur, að forkaupsréttur hluthafa gildi ekki um viðbótarhlutaféð og að veita stjórn félagsins heimild til að ráðstafa hinu nýja hlutafé, ásamt eigin bréfum félagsins, að nafnvirði 96.598 evrur, til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. í samræmi við samrunaáætlun félaganna. Dómurinn féllst á það að aðeins hafi verið gerðar formbreytingar á undirbúningi ákvarðanatöku hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. sem eftir sem áður hafi haft það að markmiði að sniðganga þau grunnsjónarmið sem dómur Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 er byggður á. Það eru því að mati dómsins enn við lýði þau réttaráhrif Hæstaréttardómsins að óheimilt sé að nýta hlutaféð til atkvæðagreiðslu um samruna stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf.

K.
Þá hafið þér komið á framfæri þeirri skoðun umbjóðanda yðar að dómsmálið sé bara einn angi málsins og sé sem slíkt enn frekari rök fyrir því að tilnefna ætti rannsóknarmenn.

L.
Með bréfi ráðuneytisins dags. 19. apríl 2016 synjaði ráðuneytið tilmælum Stillu útgerðar ehf. um tilnefningu rannsóknarmanna með hliðsjón af niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-26/2015 um að ógilda ákvarðanir hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. þann 8. október 2014 um samrunann og hækkun hlutafjár félagsins og ráðstöfun hins nýja hlutafjár ásamt eigin bréfum félagsins til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. í samræmi við samrunaáætlun.

M.
Með bréfi dags. 1. júlí 2016 gerðuð þér fyrir hönd Brims hf. og Stillu útgerðar ehf. kröfu um að málið yrði endurupptekið þar sem Hæstiréttur Íslands hafði í máli nr. 826/2015 komist að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir hluthafafundar 8. október 2014 hafi ekki verið ógildar.

Ráðuneytinu barst einnig bréf Grant Thornton endurskoðunar ehf. dags. 13. júlí 2016 þar sem fram kemur að ársreikningaskrá RSK hafi þrívegis skipað endurskoðunarfyrirtækið endurskoðendur Vinnslustöðvarinnar hf. til að taka þátt í endurskoðunarstörfum með kjörnum endurskoðendum félagsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 96. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Fram kemur að skoðun þeirra í tengslum við endurskoðun samstæðureikninga og ársreikninga móðurfélags Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir reikningsárin 2013, 2014 og 2015 hafi ekki náð til viðskipta og samninga sem tengjast eignarhaldi á félaginu og Ufsaberg-útgerð ehf. sem áttu sér stað í ársbyrjun 2013. Þannig nái hluti rannsóknarefnisins út fyrir umfang endurskoðunarvinnunnar en við þá vinnu hafi komið upp áleitnar spurningar um verð í viðskiptum í tengslum við samrunann, kaup í Ufsabergi-útgerð ehf. á árinu 2008, viðskipti milli hluthafa og meðferð minnihluta hluthafa Vinnslustöðvarinnar hf. Þá segir að endurskoðunarfyrirtækið geti mælt með að rannsókn fari fram.

Með bréfi dags. 10. ágúst 2016 féllst ráðuneytið á að endurupptaka málið. Í ákvörðun ráðuneytisins er vísað til þess að dómi Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-26/2015 hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi þann 9. júní 2016 í máli nr. 826/2015 hafi komist að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. þann 8. október 2014 um samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf. hafi verið gildar. Er það niðurstaða ráðuneytisins með vísan til niðurstöðu Hæstaréttar að skilyrði til endurupptöku málsins séu uppfyllt, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ólögfestar meginreglur stjórnsýsluréttar.

N.
Með bréfum dags. 12. ágúst 2016 var stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. og Deloitte ehf. gefið færi á að tjá sig um erindi lögmanns Stillu útgerðar ehf. dags. 21. september 2015 og Grant Thornton endurskoðunar ehf. dags. 8. september 2015. Einnig var Grant Thornton endurskoðun ehf. gefið færi á að tjá sig um framangreint bréf lögmanns Stillu útgerðar ehf. frá 21. september 2015.

O.
Ráðuneytinu barst bréf yðar dags. 29. ágúst 2016 þar sem frekari sjónarmið umbjóðenda yðar koma fram. Fram kemur að raunverulegur tilgangur samrunans hafi verð að þynna út hlutafjáreign og völd minnihlutans til hagsbóta fyrir aðra eigendur félagsins og aðstandenda þeirra. Í bréfinu kemur fram að samruninn hafi átt sér stað í nokkrum skrefum á árunum 2008-2016 og eru þau talin upp. Vísað er til ákvæðis 3. mgr. 82. gr. laga um hlutafélög þar sem segir að eigin hlutir njóti ekki atkvæðisréttar í hlutafélagi en valdajafnvægi raskist við sölu á eigin hlutum þar sem þeir breytast í virk atkvæði í höndum móttakandans, og það sama eigi við um útgáfu nýs hlutafjár. Fjallað er um ákvæði 97. gr. laga um hlutafélög og túlkun þess.

Í bréfinu áréttið þér að beiðni um skipun rannsóknarmanna sé mun víðtækari en dómkröfur um ógildingu ákvörðunar hluthafafundar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 826/2015. Fram kemur að dómurinn lúti ekki að fyrri ákvörðunum stjórnenda Vinnslustöðvarinnar hf. er snúa að afhendingu eigin hluta og nýrra hluta í félaginu til hluthafa í Ufsabergi-útgerð ehf. eða öðrum viðskiptum sem hafa bein áhrif í tengslum við samruna félaganna og eru forsendur hans. Fram kemur að rannsóknarbeiðnin skiptist í fimm þætti og eru þeir raktir í bréfinu. Kemur m.a. fram að augljóslega sé vísað til allrar afhendingar á eigin hlutum félagins til eigenda Ufsabergs-útgerðar ehf., þ.e. viðskipta sem fram fóru 10. maí 2011, 21. september 2011 og 8. október 2014, í fyrstu tveimur liðum rannsóknarbeiðninnar. Vísað er til dóms Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 þar sem segir að viðskipti 10. maí 2011 væru hluti af samruna félaganna tveggja en í þeim viðskiptum var 2,5% hlutur í Vinnslustöðinni hf. afhentur eigendum Ufsabergs-útgerðar ehf. Ennfremur kemur fram að liðir 3-5 í rannsóknarbeiðninni nái til viðskipta sem áttu sér stað 11. mars 2008, 10. maí 2011, 21. september 2011 og 8. október 2014, þar sem Vinnslustöðin hf. keypti hlut í Ufsaberg-útgerð ehf.

Hvað varðar vægi kjörinna endurskoðenda Vinnslustöðvarinnar hf. við skipan rannsóknarmanna segir

í bréfinu að þau atriði sem krafist er rannsóknar á heyri ekki undir endurskoðun félagsins. Einnig kemur fram að útilokað sé að mati umbjóðenda yðar að líta á Deloitte ehf. sem óháða og óhlutdræga aðila þegar meta á þörf á skipun rannsóknarmanna.

Hvað varðar vægi álits Grant Thornton endurskoðunar ehf. á beiðni um skipan rannsóknarmanna er vísað til bréfa endurskoðunarfyrirtækisins dags. 8. september 2015 og 13. júlí 2016. Einnig kemur fram að umbjóðendur yðar telja að veita eigi áliti endurskoðunarfyrirtækisins verulegt vægi við ákvörðun um tilnefningu rannsóknarmanna.

P.
Sjónarmið stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. bárust með bréfi dags. 2. september 2016. Fram kemur að fjórir af fimm stjórnarmönnum félagsins standi að bréfinu. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við meðferð endurupptökumálsins í ráðuneytinu. Fram kemur að rétt hefði verið að gefa félaginu færi á að tjá sig um endurupptökubeiðnina áður en tekin var afstaða til hennar. Upplýsa hefði átt félagið um endurupptökubeiðnina, sbr. 14. gr. stjórnsýslulaga og veita félaginu rétt á að koma að andmælum, sbr. 13. gr. sömu laga. Þá er gerð athugasemd við það að upphaflegur rannsóknarbeiðandi, Stilla útgerð ehf., sé ekki lengur hluthafi í Vinnslustöðinni hf. Í bréfinu er fjallað um dóm Hæstaréttar í máli nr. 826/2015 og niðurstöðu hans.

Q.
Sjónarmið Deloitte ehf. bárust með bréfi dags. 2. september 2016. Í bréfinu er ítrekuð afstaða endurskoðunarfyrirtækisins sem fram kemur í bréfi þess dags. 12. ágúst 2016. Vísað er til bréfs Grant Thornton endurskoðunar ehf. dags. 8. september 2015 þar sem segir að skoðun þeirra hafi ekki leitt í ljós að skiptihlutfallið við samruna Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. væri hluthöfum Vinnslustöðvarinnar hf. óhagstætt, og tekur Deloitte ehf. fram að ekki verði séð hvað frekari rannsókn eigi að leiða í ljós. Ítrekuð eru sjónarmið um það sem fram kemur í endurskoðunarskýrslu Grant Thornton ehf. vegna ársins 2014 og vísað er til í bréfi Deloitte ehf. frá 12. ágúst 2015. Vísað er í dóm Hæstaréttar í máli nr. 826/2015 hvað varðar óhæði matsmanns þar sem í dómnum segi að viðhlítandi rök fyrir staðhæfingu um að endurskoðandinn hafi verið vanhæfur til að framkvæma verkið hafi ekki komið fram. Ennfremur er í bréfinu vísað til dómsins varðandi verðmatsaðferðir og mat á eignum félaganna í samrunanum en þar segi að ekki hafi veri lögð fram matsgerð dómkvadds matsmanns né hafi verið lögð fram önnur gögn sem hnekktu áliti sérfræðings frá 20. júní 2014 sem gert hafi verið skv. 122. gr. laga um hlutafélög um að endurgjald fyrir hlutina í Ufsabergi-útgerð ehf. hafi verið sanngjarnt og efnislega rökstutt.

R.
Með bréfi dags. 4. október 2016 var umbjóðendum yðar gefið færi á að tjá sig um framangreind bréf stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. og Deloitte ehf. dags. 2. september 2016.

S.
Ráðuneytinu bárust sjónarmið Grant Thornton endurskoðunar ehf. í málinu með bréfi dags. 25. október 2016. Í bréfinu vísar endurskoðunarfyrirtækið til fyrri bréfa sinna og þeirra röksemda sem þar koma fram. Fram kemur að endurskoðunarfyrirtækið hafi orðið þess vart í störfum sínum við endurskoðun ársreikninga Vinnslustöðvarinnar hf. að komið hafi upp áleitnar spurningar um verð í viðskiptum í tengslum við samrunann sem um ræðir í málinu, kaup í Ufsabergi-útgerð ehf. árið 2008, viðskipti milli hluthafa og meðferð minnihluta hluthafa Vinnslustöðvarinnar hf. Þá segir að endurskoðunarfyrirtækið geri ekki athugasemdir við tilnefningu rannsóknarmanna í málinu og sjái ekkert því til fyrirstöðu að rannsókn fari fram.

T.
Með bréfi dags. 26. október 2016 bárust ráðuneytinu sjónarmið umbjóðenda yðar í málinu. Í bréfinu

er m.a. fjallað um framsal hluta Stillu útgerðar ehf. til Brims hf. en fram kemur að eftir að tillaga um rannsókn hafi verið sett fram við ráðherra skipti ekki máli þó aðilaskipti verði að hlutafénu sem notað var til að samþykkja tillöguna. Í því sambandi skipti ekki máli þó málsmeðferðin sæti endurupptöku. Fram kemur að hlutafé sé söluhlutur í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og að framsali hlutafjárins fylgi öll réttindi og skyldur sem í hlutafénu felist. Framangreind sé í samræmi við meginreglu 1. mgr. 22. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

U.
Ráðuneytinu bárust sjónarmið Ingvars Eyfjörð Jónssonar í málinu með bréfi dags. 27. október 2016 en Ingvar var kjörinn í stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. á hluthafafundi hinn 6. júlí 2016. Í bréfinu kemur m.a. fram að erindi stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. frá 2. september 2016 endurspegli ekki sjónarmið stjórnarinnar í heild. Málið hafi ekki verið rætt í stjórn félagsins og því endurspegli svörin aðeins álit tiltekinna aðila meirihluta. Einnig er vakin athygli ráðuneytisins á ágreiningi um stjórnarkjör í félaginu. Þá kemur fram að Ingvar styðji tilnefningu rannsóknarmanna á grundvelli 97. gr. laga um hlutafélög þar sem skoðað yrði með hlutlausum hætti hvort aðgerðir og ákvarðanir sem teknar hafa verið af stjórn og hluthafafundar séu í samræmi við lög.

Með vísan til 31. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þykir ekki ástæða til að rekja frekar það sem fram kemur í gögnum málsins um málsatvik og ágreiningsefni aðila, en ráðuneytið hefur haft hliðsjón af öllum gögnum málsins við úrlausn þess.

II. Niðurstaða
A.
Um sérstakar rannsóknir er fjallað 97. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í 1. mgr. ákvæðisins segir:

> *„Hluthafi getur á aðalfundi eða á öðrum hluthafafundi, þar sem málið er á dagskrá, komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minnst 1/10 hlutafjárins getur hluthafi í síðasta lagi einum mánuði frá lokum fundarins farið þess á leit við ráðherra að hann tilnefni rannsóknarmenn. Tilmælin skal taka til greina, svo framarlega sem ráðherra telur nægilegar ástæður til þeirra. Ráðherra skal gefa stjórn félagsins og endurskoðendum þess, og þegar við á þeim sem málið varðar, tækifæri til að láta í ljós álit sitt um kröfuna áður en hann tekur ákvörðun sína. Ráðherra ákveður fjölda rannsóknarmanna, en meðal þeirra skulu vera bæði löggiltur endurskoðandi og lögfræðingur.“*

Í málsgreininni er kveðið á um þau skilyrði sem tilmæli um rannsókn þurfa að uppfylla. Skilyrðin lúta að því að tillagan sé borin upp af hluthafa sem ráði yfir nægilega stórum hlut, að tillagan sé á dagskrá aðalfundar eða annars hlutahafafundar og rædd þar og jafnframt að tilmæli um rannsókn séu borin upp við ráðherra innan mánaðar frá lokum hluthafafundar. Ráðherra metur hvort nægileg ástæða sé til þess að verða við tilmælum hluthafans.

Með bréfi dags. 2. júní 2015 fór Stilla útgerð ehf. fram á það við iðnaðar- og viðskiptaráðherra að tilnefndir yrðu rannsóknarmenn til að rannsaka tiltekna þætti í starfsemi félagsins og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf.

Í fundargerð aðalfundar Vinnslustöðvarinnar hf. frá 2. júní 2015, sem lögð hefur verið fram í málinu, kemur fram undir lið 13 að borin hafi verið upp tillaga Stillu útgerðar ehf. um að skipaðir verði rannsóknarmenn. Fram kemur í fundargerðinni að fundarstjóri hafi sagt tillöguna þarfnast samþykkis

10% hluthafa til að hún teljist samþykkt. Fram kemur að tillagan hafi verið borin upp og samþykkt af hluthöfum með 30,90% hlutafjár að baki.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða ráðuneytisins að skilyrði 1. mgr. 97. gr. laganna er lúta að því að a.m.k. 1/10 hluthafa beri tillöguna upp, hún hafi verið á dagskrá aðalfundar eða annars hluthafafundar og hafi verið borin upp við ráðherra innan mánaðar frá lokum fundarins, séu uppfyllt. Tekur ráðuneytið málið því til ákvörðunar.

B.

Með vísan til 1. mgr. 97. gr. laga um hlutafélög hefur ráðuneytið aflað upplýsinga og sjónarmiða stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf., skráðra endurskoðenda félagsins, Deloitte ehf., Grant Thornton ehf. sem endurskoðenda félagsins skv. ákvörðun ársreikningaskrár og Stillu útgerðar ehf. og Brims hf. Vert er að hafa í huga að hlutverk ráðuneytisins er aðeins að taka ákvörðun um tilnefningu rannsóknarmanna og er ekki til þess ætlast að það taki afstöðu til málsins að öðru leyti. Við ákvörðunina ber annars vegar að hafa í huga réttmæta hagsmuni minnihlutans af því að fá mikilvæg atriði upplýst og hins vegar hagsmuni félagsins um vernd gegn óréttmætum kröfum um rannsóknir sem kunna að geta skaðað álit félagsins út á við.

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5617/2009 er varðar beitingu ráðherra á 1. mgr. 97. gr. laga um hlutafélög er sérstaklega vikið að áliti endurskoðenda við mat á því hvort orðið verði við kröfu um skipan rannsóknarmanna. Segir í álitinu:

> *„... komi fram í áliti endurskoðenda, sem veitt er í tilefni af álitsbeiðni ráðherra á grundvelli 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995, að við störf sín hafi þeir ekki talið tilefni til athugasemda, við endurskoðun reikningsskila eða annarra fjárhagsupplýsinga hjá hlutaðeigandi félagi, sem beiðni minni hluthafa beinist að, verður almennt að ganga út frá því að ráðherra sé heimilt á grundvelli 1. mgr. 97. gr. laga nr. 2/1995 að ljá slíkri niðurstöðu talsvert vægi í heildarmati sínu. Á þetta eðli máls samkvæmt fyrst og fremst við ef ekki hafa að mati ráðuneytisins verið settar fram rökstuddar ástæður af hálfu minni hluthafa fyrir því að draga megi í efa hæfi hlutaðeigandi endurskoðenda við störf sín....“*
> *Við mat á því hvort orðið verði við tilmælum um tilnefningu rannsóknarmanna er horft til þeirra sjónarmiða sem búa að baki 97. gr. laga um hlutafélög. Ákvæðið var áður að finna í 90. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en samkvæmt því ákvæði skyldi tillagan þó hljóta fylgi hluthafahóps sem réði yfir minnst ¼ hlutafjárins. Í athugasemdum við 90. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 32/1978 kemur fram að til að styrkja stöðu minnihluta hluthafa séu ákvæði í greininni um heimild til þess að krefjast sérstakrar rannsóknar á stofnun félags eða nánar tilteknum þáttum í rekstri þess.*
> *Með lögum nr. 89/2006 var ákvæði 97. gr. hlutafélagalaga rýmkað þannig að 1/10 hlutafjárins nægði í stað ¼ hlutafjár til að óska eftir tilnefningu rannsóknarmanna. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að það hafi verið samið með hliðsjón af niðurstöðu nefndar um stefnumótum íslensks viðskiptaumhverfis, en helstu niðurstöður hennar hafi m.a. verið að hluthöfum í hlutafélögum og einkahlutafélögum yrði auðveldað að fara fram á sérstaka rannsókn á starfsemi félags. Þá segir í athugasemdunum:*
> *„[t]ilgangurinn með breytingunni er að veita stjórnendum félaga aukið aðhald og auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma, t.d. ef grunur leikur á að stjórn, stjórnendur eða stærri hluthafar hafi nýtt sér stöðu sína til að hagnast á kostnað félagsins eða talið er að stjórn eða stjórnendur sinni ekki skyldum sínum. Breytingin er í samræmi við umræðu sem orðið hefur um möguleika hluthafa á að rannsaka tiltekin atriði í starfsemi félags. Má t.d. nefna að í skýrslu, sem sérfræðinganefnd um félagarétt gerði fyrir framkvæmdastjórn ESB, er mælt með því að hluthafar, sem ráði yfir 5-10% af atkvæðisrétti í félagi, geti farið fram á slíka rannsókn.„*

Breytingin tók aðeins til stærðar þess hóps hluthafa sem getur lagt fram tillögu um sérstaka rannsókn en ekki var breytt matsgrundvelli ráðherra um „nægilegar ástæður" til að rannsóknarmenn skuli tilnefndir. Er sá skilningur m.a. staðfestur í framangreindu áliti umboðsmanns Alþingis.

Við beitingu 1. mgr. 97. gr. verður m.a. að horfa til þess tilgangs ákvæðisins að veita stjórnendum aukið aðhald og að auka minnihlutavernd og möguleika minni hluthafa til að bregðast við aðstæðum sem upp kunna að koma.

Hlutverk ráðuneytisins er að leggja mat á hvort rannsóknarbeiðandi hafi með tilmælum sínum fært fram nægilegar röksemdir fyrir því að ráðherra sé rétt að tilnefna rannsóknarmenn. Við það mat hefur ráðherra tiltekið svigrúm. Mat ráðherra lýtur ekki einvörðungu að því að tryggja að réttindi sem minni hluthöfum eru fengin með ákvæðinu séu virk heldur ber ráðherra jafnframt að horfa til stöðu félagsins sjálfs, m.a. með tilliti til áhrifa sem slíkt inngrip kann að hafa fyrir starfsemi félagsins og ásýnd þess og þess kostnaðar sem félagið mun bera verði krafan samþykkt. Við mat á því hvort „nægilegar ástæður" séu til að fallast á tilmæli um tilnefningu rannsóknarmanna í félagi ber að gæta ákveðinnar varfærni og meta atvik og aðstæður að baki tilmælum heildstætt.

Í framangreindu áliti umboðsmanns Alþingis er vísað til þess að við mat á því hvort „nægilegar ástæður" séu til þess að fallast á tilmæli minni hluthafa um tilnefningu rannsóknarmanna í félagi skuli m.a. horfa til skýrslu sérfræðinganefndar ESB sem vísað var til í athugasemdum frumvarps sem varð að lögum nr. 89/2006 og rakin eru að framan. Í þeirri skýrslu (the High Level Group of Company Law Experts frá 4. nóvember 2002) er m.a. áréttað að tilnefning rannsóknarmanna í starfsemi félags skuli aðeins ákveðin þegar fyrir liggur „alvarlegur grunur" (e. „serious suspicion") um óviðeigandi eða óréttmæta háttsemi innan félags (e. „improper behaviour") svo komið sé í veg fyrir að slík rannsókn sé notuð sem almennt úrræði til óskilgreindrar leitar í fyrirtækinu (e. fishing expedition") eða sem tæki til hótana eða áreitis gagnvart stjórn, stjórnendum og meirihluta hlutahafa (e. „instrument of harassment"). Orðalag 1. mgr. 97. gr. og lögskýringagagna með henni gefi þó ekki tilefni til þess að gerðar verði þær ríku kröfur til rökstuðnings tilmæla minni hlutahafa sem endurspeglast í forsendum skýrslu sérfræðinganefndarinnar en þau ummæli geti engu að síður endurspeglað það málefnalega sjónarmið við framkvæmd þess mats sem ráðherra er fengið. Matið getið þó ekki verið það strangt að í reynd sé minni hluthöfum gert ókleift að nýta þetta sértæka rannsóknarúrræði.

Mat ráðuneytisins á því hvort „nægilegar ástæður" séu til staðar til að skipa rannsóknarmenn á grundvelli 1. mgr. 97. gr. hefur almennt verið nokkuð strangt og byggst á því að sýnt sé fram á að atvik eða aðstæður séu þannig að grunur leiki á að stjórn, stjórnendur eða stærri hluthafar hafi misbeitt valdi sínu eða ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum. Hefur umboðsmaður Alþingis ekki gert athugasemd við þá nálgun.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða verður tekin afstaða til framkominna tilmæla um tilnefningu rannsóknarmanna og hvort skilyrði 1. mgr. 97. gr. hlutafélagalaga um „nægilegar ástæður" sé uppfyllt í þeim tilvikum sem erindi yðar fyrir hönd Stillu útgerðar ehf. lýtur að.

C.

Tillaga Stillu útgerðar ehf. eins og hún var lögð fyrir aðalfund Vinnslustöðvarinnar hf. þann 2. júní 2015 er rakin að framan.

Eins og fram kemur í tillögunni lýtur hún að því að rannsakaðir verði tilteknir þættir í starfsemi félagsins og meðferð eigin fjár í tengslum við samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf.

Í bréfum Stillu útgerðar ehf. og Brims hf., meirihluta stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf., Deloitte ehf., Grant Thornton endurskoðunar ehf. og Ingvars Eyfjörð sem rakin hafa verið hér að framan er að finna helstu sjónarmið aðila í málinu.

Eins og fram hefur komið komst Héraðsdómur Suðurlands í máli nr. E-26/2015 að þeirri niðurstöðu að ógilda ákvarðanir hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. þann 8. október 2014 um samþykkt samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. þar sem Vinnslustöðin hf. verði yfirtökufélag og að hluthafafundurinn samþykki hækkun hlutafjár Vinnslustöðvarinnar hf. um 611.067 evrur og að forkaupsréttur hluthafa gildi ekki um viðbótarhlutaféð og veiti stjórn félagsins heimild til að ráðstafa hinu nýja hlutafé ásamt eigin bréfum félagsins að nafnvirði 96.598 evrur til annarra hluthafa Ufsabergs-útgerðar ehf. (samtals 707.665 evrur) í samræmi við samrunaáætlun félaganna. Fram kemur í dómnum að aðeins hafi verið gerðar formbreytingar á undirbúningi ákvarðanatöku hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. sem eftir sem áður hafi haft það að markmiði að sniðganga þau grunnsjónarmið sem dómur Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 sé byggður á. Það séu því að mati dómsins enn við lýði þau réttaráhrif Hæstaréttardómsins að óheimilt sé að nýta hlutaféð til atkvæðagreiðslu um samruna stefnda við Ufsaberg-útgerð ehf. Í framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 585/2012 kemur m.a. fram að dómurinn hafi talið að líta yrði svo á að samningur Vinnslustöðvarinnar hf. við Ufsaberg-útgerð ehf. frá 10. maí 2011 hefði engan annan tilgang haft en þann að virkja atkvæðisrétt eigin hluta í Vinnslustöðinni hf. og sniðganga þannig jafnræði og um leið atkvæðavægi sem 3. mgr. 82. gr. laga nr. 2/1995 væri ætlað að tryggja hluthöfum.

Eins og fyrr segir var dómi Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-26/2015 áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi þann 9. júní 2016 í máli nr. 826/2015 komist að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir hluthafafundar Vinnslustöðvarinnar hf. þann 8. október 2014 um samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf. hafi verið gildar. Í dómnum segir m.a.: *„Eins og áður greinir var samkvæmt ákvörðun hluthafafundarins 8. október 2014 farin sú leið við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við aðaláfrýjanda að hluthafar í félaginu fengu eingöngu að endurgjaldi hlutabréf í honum, sem að hluta höfðu verið í eigu hans en urðu til að öðru leyti og mestu með hækkun hlutafjár. Í staðinn hefði aðaláfrýjandi vissulega getað annars vegar selt öðrum eigin hluti sína og hins vegar boðið nýja hlutaféð út, meðal annars að gættum áskriftarrétti þáverandi hluthafa samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, aflað þannig reiðufjár og nýtt það síðan sem greiðslu til hluthafa í Ufsabergi-útgerð ehf. fyrir hluti þeirra í því félagi. Sú leið, sem hluthafafundurinn ákvað að fara, er á hinn bóginn samrýmanleg lögum og alvanaleg við samruna félaga. Af gögnum málsins verður ekkert ráðið til stuðnings því að hún hafi orðið fyrir valinu gagngert í þeim tilgangi að lækka hlutfall hlutabréfa gagnáfrýjanda af heildarhlutafé í aðaláfrýjanda og þar með vægi atkvæða gagnáfrýjanda við töku ákvarðana, svo sem hann hefur haldið fram. Þó svo að einhverjir eða hugsanlega allir hluthafarnir í Ufsabergi-útgerð ehf., sem eignuðust á þennan hátt hlutabréf í aðaláfrýjanda, hafi verið aðilar að áðurnefndum hluthafasamningi frá 31. mars 2011, getur það ekki valdið því að hluthafafundinum 8. október 2014 hafi verið óheimilt vegna 95. gr. laga nr. 2/1995 að haga ákvörðun sinni með þessum hætti. Gagnáfrýjandi hefur hvorki með matsgerð dómkvadds manns né öðrum viðhlítandi gögnum hnekkt því áliti sérfræðings 20. júní 2014 samkvæmt 122. gr. sömu laga að endurgjald aðaláfrýjanda fyrir hlutina í Ufsabergi-útgerð ehf. hafi verið sanngjarnt og efnislega rökstutt. Verður því ekki orðið við dómkröfu gagnáfrýjanda á grundvelli málsástæðna hans, sem lúta að því að ákvarðanir hluthafafundarins 8. október 2014 hafi brotið gegn jafnræði hluthafa í aðaláfrýjanda.“*

Einnig segir í dómnum: *„Samkvæmt 4. grein samþykkta aðaláfrýjanda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, bar honum að gæta þeirrar reglu við hækkun hlutafjár að gefa hluthöfum kost á að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Eftir 3. mgr. sömu lagagreinar, sbr. 93. gr. laganna, gat þó hluthafafundur með 2/3 hlutum atkvæða ákveðið að víkja frá þeirri meginreglu og verður að líta svo á að sú undanþága hafi gilt um aðaláfrýjanda án tillits til þess að hún hafi ekki*

verið tekin upp í 4. grein samþykkta hans, enda sagði í 33. grein þeirra að ákvæði laga um hlutafélög skyldu gilda um atriði, sem ekki væri mælt fyrir um í samþykktunum. Svo sem áður greinir samþykktu hluthafar í aðaláfrýjanda, sem fóru með meira en 2/3 hluta atkvæða á hluthafafundinum 8. október 2014, að víkja frá meginreglu 1. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 við hlutafjárhækkunina, sem þar var ákveðin, með því að nýju hlutirnir yrðu ekki boðnir þáverandi hluthöfum til áskriftar, heldur yrði hlutunum ráðstafað sem greiðslu við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við aðaláfrýjanda. Heimild til þessa var samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laganna háð því skilyrði að hluthöfum væri á engan hátt mismunað með þeirri ráðstöfun. Af gögnum málsins verður ekki að fullu ráðið hverjir hafi eignast nýju hlutabréfin í aðaláfrýjanda eða hvort þeir hafi á þeim tíma þegar verið í röðum hluthafa í honum, en ljóst er á hinn bóginn að hlutabréfin fengu þeir af þeirri ástæðu að þeir væru hluthafar í Ufsabergi-útgerð ehf. en ekki þeirri að þeir hafi áður átt hluti í aðaláfrýjanda. Hluthöfum í aðaláfrýjanda var því ekki á þennan hátt mismunað í skilningi 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995.“

Þá segir í dómnum: *„Við undirbúning samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við aðaláfrýjanda gegndi sami maður hlutverki óháðs og sérfróðs matsmanns samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 vegna beggja félaganna, svo sem heimilt var eftir síðari málslið 1. mgr. þeirrar lagagreinar, en hann var á þeim tíma endurskoðandi þeirra. Þótt gerð hafi verið í einu lagi skýrsla fyrir bæði félögin vegna samrunans getur það eitt út af fyrir sig ekki haft áhrif á gildi ákvarðana um hann. Ekki hafa komið fram viðhlítandi rök fyrir staðhæfingum gagnáfrýjanda um að endurskoðandinn hafi verið vanhæfur til að leysa verkið af hendi.“*

D.

Eins og fyrr segir er hlutverk ráðuneytisins að leggja mat á hvort rannsóknarbeiðandi hafi með tilmælum sínum fært fram nægilegar röksemdir fyrir því að ráðherra sé rétt að tilnefna rannsóknarmenn. Við það mat hefur ráðherra tiltekið svigrúm. Við ákvarðanatöku í sambærilegum málum hefur ráðherra ljáð niðurstöðu endurskoðenda, sem við störf sín hafa ekki talið tilefni til athugasemda, við endurskoðun reikningsskila eða annarra fjárhagsupplýsinga hjá hlutaðeigandi félagi, sem beiðni minni hluthafa beinist að, talsvert vægi í heildarmati sínu. Hefur umboðsmaður Alþingis ekki gert athugasemd við þá nálgun.

Í áliti Deloitte ehf. kemur fram að félagið telji að sýnt hafi verið fram á að samruninn hafi ekki verið til þess fallinn að afla ákveðnum hluthöfum ótilhlýðilegra hagsmuna heldur hafi endurgjaldið fyrir hlutina í Ufsaberg-útgerð verið sanngjarnt og efnislega rökstutt. Jafnframt kemur fram að álit Grant Thornton endurskoðunar ehf., tilnefnds endurskoðanda Vinnslustöðvarinnar hf., styðji þessa niðurstöðu. Vísar Deloitte ehf. í því sambandi til endurskoðunarskýrslu sem Grant Thornton endurskoðun ehf. lagði fram til stjórnar Vinnslustöðvarinnar hf. Er það álit Deloitte ehf. að ekki sé tilefni til að skipa rannsóknarmenn skv. beiðninni.

Í áliti Grant Thornton endurskoðunar ehf. kemur fram að því er varðar samrunann að skoðun þeirra nái eingöngu til þeirra áhrifa sem samruni Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs-útgerðar ehf. hefur á ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. árið 2014. Farið hafi verið yfir bókhaldsfærslur vegna samrunans, meðhöndlun á yfirverði og útreikning á skiptahlutfalli sem lagt hafi verið til grundvallar við samrunann. Fram kemur að Grant Thornton endurskoðun ehf. hafi komið þeim ábendingum á framfæri við stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að óeðlilegt hafi verið að beita ekki sömu matsaðferðum við mat á eignum félaganna tveggja þegar skiptihlutföll samrunans voru ákvörðuð. Einnig kemur fram að Grant Thorton endurskoðun ehf. hafi lagt mat á það hvert skiptahlutfall hefði getað orðið ef stuðst hefði verið við sambærilegar forsendur en skoðunin hafi ekki leitt í ljós að skiptahlutfallið væri hluthöfum Vinnslustöðvarinnar hf. óhagstætt að gefnum þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar. Fram kemur fram að það sé mat Grant Thornton endurskoðunar ehf. að ársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. sé í öllum meginatriðum án verulegra skekkna þrátt fyrir ábendingar til

stjórnar. Í álitinu kemur fram að þrátt fyrir niðurstöðu Grant Thornton endurskoðun ehf. við endurskoðun ársins 2014 á skiptihlutföllum samrunans séu fyrir hendi áleitnar spurningar um verð í viðskiptum í tengslum við samrunann sem hafi komið fram í mismunandi mati á félaginu af hendi fagaðila og álitsgerðum óháðra aðila. Gerir endurskoðunarfyrirtækið ekki athugasemdir við tilnefningu rannsóknarmanna til rannsóknar á þeim atriðum sem tilgreind eru í beiðni yðar og telur slíka rannsókn geta verið gagnlega.

Þá kemur fram í gögnum málsins að Deloitte ehf. og Grant Thornton endurskoðun ehf. hafi áritað ársreikninga félagsins vegna reikningsáranna 2013 og 2014 sameiginlega með fyrirvaralausri áritun.

E.
Hlutverk ráðuneytisins í málinu er að leggja mat á það hvort komnar eru fram nægilegar röksemdir fyrir því að verða við beiðninni. Við matið hefur ráðherra tiltekið svigrúm en matið lýtur ekki eingöngu að því að tryggja að réttindi milli hluthafa í félaginu séu virk heldur verður einnig að horfa til stöðu félagsins sjálfs, m.a. með tilliti til áhrifa sem slíkt inngrip kann að hafa fyrir starfsemi félagsins og ásýnd þess og þess kostnaðar sem félagið mun bera verði krafan samþykkt. Við mat á því hvort „nægilegar ástæður" séu til að fallast á tilmælin ber að gæta ákveðinnar varfærni og meta atvik og aðstæður að baki tilmælum heildstætt. Mat ráðuneytisins hefur almennt verið nokkuð strangt og byggst á því að sýnt sé fram á að atvik eða aðstæður séu þannig að grunur leiki á að stjórn, stjórnendur eða stærri hluthafar hafi misbeitt valdi sínu eða ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða ráðuneytisins þegar litið er til málsins í heild, þeirra gagna sem borist hafa, sjónarmiða aðila og dóms Hæstaréttar í máli nr. 826/2015 að ekki séu komnar fram nægjanlegar ástæður til þess að samþykkja tilmæli um tilnefningu rannsóknarmanna. Er því tilmælum Stillu útgerðar ehf. og Brims hf. um tilnefningu rannsóknarmanna synjað.

Beðist er velvirðingar á hve afgreiðsla málsins hefur dregist. Stafar það bæði af umfangi gagna í málinu og mikils álags í störfum ráðuneytisins.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra

Kristján Skarphéðinsson

Sigrún Brynja Einarsdóttir